

Framangreind afbrot ákærða, Þorvaldar Pálma Valdimarssonar, varða við 8. gr. laga nr. 51, 1928, sbr. 231. gr. 4. lið og 55. gr. og sumpart 46. og 47. gr. og 240. gr. hegningarlaganna. Þykir refsing hans, sem sat í gæzluvarðhaldi frá 8. f. m. til 9. þ. m. með hliðsjón af 63. gr. hegningarlaganna hæfilega ákveðin betrunarhúsvinna í 15 mánuði.

Framangreind afbrot ákærða, Þórarins Helga Jónssonar, varða við 8. gr. laga nr. 51, 1928, sbr. 231. gr. 4. lið og 55. gr. hegningarlaganna. Þykir refsing hans með hliðsjón af 63. gr. hegningarlaganna hæfilega ákveðin fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 4 mánuði.

Skaðabóta hefir ekki verið krafizt.

Ákærðu greiði allir fyrir einn og einn fyrir alla allan kostnað sakarinnar, þar á meðal kr. 150 til skipaðs verjanda þeirra cand. jur. Hákonar Guðmundssonar.

Rekstur málsins hefir verið vítalaus.

Föstudaginn 18. október 1935.

Nr. 39/1935. **Aðalbjörn Pétursson** (Th. B. Lindal)
gegn

Guðmundi Hannessyni

(Einar B. Guðmundsson).

Meiðyrðamál.

Dómur aukaréttar Siglufjarðar 23. okt. 1934: Stefnur, Aðalbjörn Pétursson, gullsmiður Siglufirði, greiði 300 króna sekt í ríkissjóð, er afplánist með 20 daga einföldu fangelsi, ef sektin er eigi greidd fyrir lok aðafararfrests.

Stefnur greiði og 20 króna sekt, 10 krónur í ríkissjóð og 10 krónur í fátækra sjóð Siglufjarðar, fyrir ósæmilegan rithátt og séu hin átöldu ummæli dauð og ómerk.

Málkostnað greiði stefnur stefnanda með 200 krónum.

Dóminum að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar:

Áfrýjandi hefir krafizt þess aðallega, að dómur og málsmeðferð í héraði verði ómerkt og málinu vísað frá undirrétti, en ef þessi krafa yrði ekki tekin til greina, að dómur og málsmeðferð verði ómerkt — að því er virðist frá þingfestingu málsins — og málinu vísað heim til löglegri meðferðar og dómsálagningar af nýju. Til vara hefir áfrýjandi krafizt sýknu. Svo krefst hann og málskostnaðar, bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins, hvernig sem málið fer. Loks krefst hann þess, að sekt sú, sem gerð er á hendur honum í hinum áfrýjaða dómi fyrir ummæli um stefnda í varnarskjali verði felld niður. Stefndi krefst staðfestingar á hinum áfrýjaða dómi og málskostnaðar fyrir hæstarétti.

Í áfrýjunarstefnu er eigi gerð krafa um ómerkingu dóms og málsmeðferðar, ásamt frávisun frá héraðsdómi. Gegn mótmælum stefnda og með því að engir þeir gallar eru á málatilbúnaði, er frávisun ex officio geti varðað, verður þessi krafa ekki tekin til greina.

Til stuðnings ómerkingar og heimvísunarkröfu sinni hefir áfrýjandi fært það, að héraðsdómarinn hafi ekki leiðbeint honum, sem er ólöglærður maður og flutti mál sitt sjálfur, eins og skylt hafi verið. Hafi stefndi samtímis rekið annað mál á hendur áfrýjanda út af samskonar efni, og hafi áfrýjandi meðal annars lagt fram í báðum þessum málum vottorð eitt, en hafi aðeins látið staðfesta það í öðru þeirra. Hafi dómarinn vanrækt að benda áfrýjanda á nauðsynina á að láta staðfesta vottorðið einnig í þessu máli, og beri því að vísa því heim, svo að bætt verði úr þessum galla. En umboðsmaður stefnda hér fyrir dómi hefir samþykkt, að nota megi

téð vottorð, þannig staðfest, sem gagn í þessu máli, og er því ekki ástæða til að vísa málinu heim fyrir þessar sakir.

Í máli þessu er það upplýst, að nálægt 10. sept. 1932 kom upp skarlatssótt á bænum Hóli innan kaupstaðarumdæmis Siglufjarðar. Er bær þessi skammt fyrir utan sjálfan kaupstaðinn, og rekur bæjarfélagið þar kúabú. Þann 12. sept. 1932 hélt heilbrigðisnefnd kaupstaðarins, sem skipuð var stefnda sem formanni, héraðslækni og öðrum lækni, fund út af máli því, og var þar samþykkt að fá hjúkrunarkonu að Hóli til að annast sjúklingana og sjá um, að einangrun þeirra yrði í lagi, og virðist héraðslækni hafa verið falið að útvega hana. En hjúkrunarkona var þó engin fengin. Fékk stefndur vitneskju um það daginn eftir fundinn, að vandhæfi væru á að fá hjúkrunarkonu, en þó liður tíminn svo til 21. s. m., að engar þær aðgerðir eru við hafðar, er kallast geti sóttvarnarráðstafanir, þrátt fyrir skýlaus ákvæði þar um í 2. gr. laga nr. 24/1907, er þá voru í gildi. Var og þenna tíma daglega flutt mjólk frá hinu sýkta heimili til bæjarins eftirlitslaust til neyzlu almennings. Eftir 21. sept. virðist og ekki öðrum vörnum hafa verið beitt, en að annað fólk var fengið til að hirða kýrnar á Hóli. Þó bauð héraðslæknir í símskeyti til stefnda 21. sept., að hella skyldi niður allri mjólk frá Hóli, en ekki sinnti stefndi þessari skipun. Gerðist veikin allmögnuð og tóku hana margir, þar á meðal áfrýjandi, og nokkrir létust úr henni. Virðist nú óhug hafa slegið á kaupstaðarbúa, og töldu þeir heilbrigðisnefnd hafa gengið slælega fram um sóttvarnir. Virðist mikil gremja hafa risið upp, einkum gagnvart stefnda og héraðslækni, sem aðallega voru

fyrir sökum hafðir, enda tóku þeir nú að bera af sér sakir hvor um sig og á hinn í blaðagreinum, er þeir skrifuðu um málið og afskipti sín af því.

Út af því, hvernig til hafði tekizt um sóttvarnirnar, og vandræðum þeim, sem veikin bakaði bæjarbúum, skrifaði áfrýjandi grein þá, sem hin átöldu ummæli eru í og birtist í opinberu blaði þar á staðnum, eins og að er vikið í hinum áfrýjaða dómi. Fer áfrýjandi hörðum orðum um framkomu heilbrigðisnefndarinnar í málinu, einkum stefnda sem formanns nefndarinnar og lögreglustjóra á staðnum. Má telja víst, að stefnda hafi þegar orðið greinin kunn. En mál þetta höfðaði hann þó ekki fyrr en 26. júní 1934, eða meira en 20 mánuðum eftir útkomu greinarinnar. Var sök út af ummælum hennar fyrnd samkvæmt 68. gr. almennra hegningarlaga, þegar mál þetta var höfðað, og verður áfrýjandi því ekki dæmdur til refsingar fyrir téð ummæli út af fyrir sig.

En stefndi telur áfrýjanda hafa endurtekið ummæli greinarinnar á fundi bæjarstjórnar 28. maí 1934, með því að hann hafi þá látið svo um mælt, að stefndi hefði ekki höfðað mál út af þeim, af því að dómstólarnir myndu telja þau réttmæt. Það verður að visu ekki talið, að áfrýjandi hafi með þessum hætti endurtekið ummæli sín í blaðagreininni, en þegar meta skal það, hvort hann hafi á refsiverðan hátt móðgað eða meitt stefnda með nefndum orðum sínum á bæjarstjórnarfundinum, þá verður að skoða þau í sambandi við ummæli hans í áður-nefndri grein. Í henni er stefndi meðal annars borinn þeim sökum, að hann sé „embættissvikari“, að viðfræg sé „nízka hans og nánasarháttur fyrir hönd bæjarsjóðs á aðra hönd og kæruleysi fyrir velferð

bæjarbúa á hina“, að hann vilji klína sekt sinni á sóttvarnarmálinu á aðra, og sé sú lítilmennska, sem lýsi sér í því, til uppbótar á embættissvikin, að hann hafi „rænt bæjarbúa heilsu og fé“, að ekki muni tjóa að segja honum til syndanna, þótt hann viti sig sekan um „dauða og örkumsl“, og að verka- lýðurinn þurfi að sýna stefnda, að hann skoði ekki „illverk“ hans og „axarsköft“ unnið að ófyrirsynju, heldur af „ráðnum hug og algerðu hirðuleysi um líf og heilsu þeirra“, sem hann eigi að verja.

Ummæli áfrýjanda á bæjarstjórnarfundinum 28. maí f. á. fela í sér áburð á hendur stefnda um það, að hann viti sig með sjálfum sér svo sekan vegna framkomu sinnar í sóttvarnarmálinu, að hann hafi ekki vogað að höfða mál gegn áfrýjanda út af framantöldum greinarummælum og öðrum fleiri, er þar standa. Afskipti stefnda af sóttvarnarráðstöfunum vegna skarlatssóttarinnar þótt þeim hafi verið verulega ábótavant, eins og af framanskráðu má sjá, réttlæta ekki nægilega hin hörðu ummæli greinarinnar, og orð áfrýjanda við stefnda á bæjarstjórnarfundinum, skoðuð í sambandi við framannefnd ummæli, verður því að telja svo móðgandi í garð stefnda, að áfrýjandi verður að sæta refsingu fyrir þau samkvæmt 219. gr. almennra hegningarlaga, og þykir refsingin eftir öllum atvikum hæfilega ákveðin 100 króna sekt í ríkissjóð, og komi 7 daga einfalt fangelsi í stað hennar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Það þykir mega fella niður sekt þá, sem áfrýjanda er á hendur dæmd í hinum áfrýjaða dómi fyrir ummælin: „þessi svik undan störfum“ í varnar-skjali hans, en rétt þykir að ómerkja téð ummæli.

Eftir öllum atvikum þykir rétt, að málskostnaður, bæði í héraði og fyrir hæstarétti, falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjandi, Aðalbjörn Pétursson, gullsmiður á Siglufirði, greiði 100 króna sekt í ríkissjóð, og komi 7 daga einfalt fangelsi í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Framantalin ummæli í varnarskjali áfrýjanda skulu vera dauð og ómerk. Málskostnaður, bæði í héraði og fyrir hæstarétti, falli niður.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Með stefnu, dags. 26. júní þ. á., að undangenginni árangurslausri sáttatilraun 6. júní þ. á., krefst stefnandinn, Guðm. Hannesson, bæjarfógeti, að stefndur, Aðalbjörn Pétursson, verði dæmdur til refsingar fyrir ummæli í 46. tbl. XV. árgangi blaðsins „Verkamaðurinn“ útgefnu á Akureyri, undir yfirskriftinni „Lífverðir Siglufirðinga“, er stefndur hafi endurtekið á opinberum bæjarstjórnarfund 28. maí þ. á., og sem stefnandi telur freklega meiðandi fyrir sig, og þó sérstaklega vegna þess að þar sé ráðizt á embættisæru sína. Hin átöldu ummæli eru þessi: „Útbreiðsla skarlatssóttarinnar á Siglufirði, er beinlinis sök tveggja manna, er með því að bregðast gersamlega skyldum sínum og starfi, sem þeim er borgað vel fyrir, hafa leitt þessi vandræði yfir bæjarbúa. — Þessir embættissvikarar eru héraðslæknirinn og bæjarfógetinn á Siglufirði,“ — „bæjarfógeti . . . sem ekkert hafði til brunns að héraðs barna, annað en sína viðfrægu nisku og nánasarlítt, fyrir hönd bæjarsjóðs á aðra hönd og kæruleysi fyrir vel ferð bæjarbúa á hina. Mórallinn hjá þessum lífvörðum

Siglfirðinga, getur ekki hafa verið annar en þessi: Við skulum ekki vera að kosta upp á að byrgja brunninn fyrir en við sjáum hvort nokkurt barnið dettur ofan í hann.“ „Sparnaður háttvirts bæjarfógeta er nú orðinn nokkuð dýr fyrir bæjarbúa yfirleitt“ „sem hann og hér-aðslæknirinn hafa rænt heilsu og fé“ „Þótt þeir viti sig seka um dauða og örkuml, hrín það sjálfsagt ekki meira á þeim en vatn á gæs.“

Svo krefst og stefnandi að stefndur verði dæmdur til að greiða sér málskostnað í máli þessu að skaðlausu skv. reikningi, til vara eftir mati réttarins, og hefir í flutningi málsins gert kröfu um 200 kr. tildæmdar sér í málskostnað.

Stefndur krefst sýknu, og telur sökina fyrnda, en telur hinsvegar umstefnd ummæli á rökum byggð og mótmælir því eigi að hafa haft þau um stefnanda.

Hin umstefndu ummæli verður að telja mjög meiðandi fyrir stefnanda og refsiverð skv. 217.—219. gr. almennu hegningarlaganna, og þar sem stefndur hefir eigi réttlætt þau undir flutningi málsins, og eigi mótmælt þeirri fullyrðingu stefnanda, að hafa endurtekið umstefnd ummæli á téðum bæjarstjórnarfundum 28. maí s. l. svo eigi verður sökin talin fyrnd, þá þykir rétt að ákveða refsingu þá, er stefndur hefir til unnið kr. 300.00 í sekt til ríkissjóðs, til vara 20 daga einfalt fangelsi, verði sektin eigi greidd fyrir lok aðfararfrests.

Skv. kröfu stefnanda verður að dæma dauð og ómerk orðin í vörn stefnda á rskj. 14, „þessi svik undan störfum“ að því er þau eiga við stefnanda, þar sem telja verður þau meiðandi fyrir hann, og skal stefndur greiða 20 kr. sekt fyrir ósæmilegan rithátt, 10 kr. í ríkissjóð og 10 kr. í fátækra sjóð Siglufjarðar.

Svo greiði stefndur stefnanda 200 kr. í málskostnað.